



Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	29. nóvember 2024 kl. 09:00-15:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	26
Viðstaddir	Stjórn: Björn Zoéga (teams), formaður, Höskuldur H. Ólafsson, Ingileif Jónsdóttir, Gunnar Einarsson
<u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna:</u>	Signý Sveinsdóttir, Erla Björk Birgisdóttir.
<u>Aðrir:</u>	Runólfur Pálsson, forstjóri, Gunnar Ágúst Beinsteinsson, framkvæmdastjóri rekstrar og mannauðs og Þórunn Oddný Steinsdóttir, forstöðumaður.
Fjarverandi:	Sólrún Kristjánsdóttir
Gestir:	Gréta Gunnarsdóttir, Atli Atlason, Finnur Árnason og Ásgeir Margeirsson.
Fundarstjóri:	Ingileif Jónsdóttir
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð

Fundargerð fundar frá 18. október 2024 samþykkt.

2. Skýrsla forstjóra

Forstjóri fer yfir stöðu skipulagsbreytinganna. Markmiðið að efla framlínustjórnun en einnig unnið að aukinni samþættingu verklags á sviði mannauðsstjórnunar, fjármálastjórnunar, gæðastjórnunar og fleiri þátta. Nú er unnið að starfsreglum sviðsskrifstofa sem lýsa uppsetningu sviða sem heyra undir hvern framkvæmdastjóra og vinnulagi. Rætt um mat á árangri skipuritsbreytinganna og tilteknir mælikvarðar kynntir og ræddir. Búið var að boða skilvirka greiningu á árangri breytinganna.

Áfangi 3 í skipulagsbreytingum er nú í gangi sem gengur út á að innleiða árangursmælikvarða, skoða verkefni og samhæfa stöðugildi þvert á stofnunina. Ábyrgð og hlutverk teymisstjóra hafa verið í skoðun og er nú unnið að því að efla virkni teymanna. Aðferðafræði við fjármögnun verkefna er í vinnslu en algengt er að þrátt fyrir bættu aðferðafræði þá koma fram verkefni sem þarf að vinna en eru ekki fjármögnuð. Unnið er að því að formfesta ferla í tengslum við slíkt. Áhersla lögð á mikilvægi DRG-einingar í tengslum við árangursmælikvarða og áréttað að sérstaklega þurfi að tiltaka DRG-einingar sem árangursmælikvarða. Þá var einnig farið yfir að hluti þriðja áfanga stjórnskipulagsbreytinga væri endurskoðun allra skipulagseining í framlínu, samþætting og bætt yfirsýn. Verkefni um vinnuskipulag lækna væri enn í gangi en það tengist ýmsu varðandi vinnutíma lækna, ekki bara kjarasamningi heldur m.a. tíma sem lækna fá til vísindastarfa.

Farið yfir stöðuna í starfseminni, en eins og venjulega er háður lífróður alla daga til að halda legurýmum opnum og bráðamóttökunni starfhæfri. Farið yfir þróunina frá 2022 en 14% aukning hefur verið á fjölda inniliggjandi sjúklinga á því tímabili. Þá er 25% fjölgun þeirra sem dvelja lengur en 24 klst. á bráðamóttökunni og eins og

margsinnis hefur verið áréttað er það er þekktur áhættuþáttur hvað varðar útkomu sjúklinga. Einnig sýnd tölfræði yfir fjölda daga eftir innlagnarstigi, stigi 1-3, og ljóst að spítalinn er nánast linnulaust á hæsta innlagnarstigi, þ.e. stigi 3. Gríðarlega alvarleg staða varðandi hjúkrunarrými, þó að yfirvöld reyni að útvega rými víðsvegar. Fjöldi þeirra sem eru með samþykkt færni- og heilsumat og liggja inni á spítalanum er núna 95, sama staða og var í des í fyrra þegar það var neyðarástand og gengið var í sérstakar aðgerðir. Næsta hjúkrunarheimili sem á að opna er Boðabíng, sem fyrirhugað er að opni í maí.

Framkvæmdastjórn Landspítala átti fund með heilbrigðisráðuneytinu fyrir stuttu og lagði fram ákveðnar tillögur, t.d. breytingu á reglugerð sem gæti orðið til þess að rými losni hraðar á spítalanum. Reglugerðabreytingin gengur út á það að sjúklingar sem liggja inni á Landspítala þurfi að taka næsta pláss sem losni. Einnig rætt um möguleikann að tvímenna í plássum á hjúkrunarheimilum. Stjórn velti fyrir sér ástæðum þess að ekki séu byggð hjúkrunarrými. Umræður um mikilvægi þess að leyst verði úr skorti á hjúkrunarrýmum með fjölgun hjúkrunarrýma.

Farið yfir stöðuna í uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Deilihönnun og innanhúsfrágangur á 5. og 6. hæð í vinnslu og unnið að samningi við ÞG verk. Unnið að útboði á deilihönnun og innanhúsfrágangi hæða K2-4. Ákvörðun liggur fyrir um að geðþjónustubygging verði reist utan Hringbrautarlóðar en innan 5 km fjarlægðar frá spítalanum. Fossvogssvæðið er í skoðun, bæði þar sem Fossvogsbyggingin er og nágrenni hennar en samskipti við Reykjavíkurborg eru í gangi vegna þessa. Áhersla lögð á að koma DGL-byggingu á dagskrá. Einnig rætt um brúarverkefni sem tengjast bráðþjónustu, ferliþjónustu og geðþjónustu spítalans, framtíð K-byggingar, endurnýjun eldri bygginga og mögulega nýbyggingu fyrir ferliþjónustu í 3. áfanga. Rætt um framtíð bygginganna í Fossvogi og endurskoðun þarfagreiningar sem lá til grundvallar skýrslu McKinsey um framtíðarþróun þjónustu Landspítala.

Upplýst um stöðuna í þróun vísindastarfsemi spítalans. Unnið sé að endurskoðun vísindastefnu Landspítala, fyrirhugaður fundur með forstöðumönnum fræðasviða og forstöðumönnum fræðigreina, einnig fyrirhugaðar breytingar á úthlutunum úr vísindasjóði Landspítala og mati á umsóknum. Áhersla lögð á að efla klínískt rannsóknarsetur Landspítala og Háskóla Íslands. Þá verði sköpuð viðmið varðandi úthlutun tíma til vísindastarfa og leitað verði leiða til að styðja við ráðningar vísindamanna. Fulltrúar starfsmanna í stjórn lýsa ánægju með að gerðar verði ráðstafanir til að vísindamenn hafi tíma til að sinna vísindastarfi.

Upplýst um ánægjulegt samstarf við HÍ en stofnanirnar eru áfram um að auðkenna og styrkja vísindasamfélag beggja stofnana með markvissum innviðum, sameiginlegri stoðþjónustu o.fl.

Upplýst um tímabundna breytingu á starfi Jóns Hilmars Friðrikssonar, forstöðumanns verkefnis nýs Landspítala, sem mun tímabundið taka við verkefnum aðfanga og umhverfis sem tilheyra rekstrar- og mannauðssviði.

Upplýst um breytingar á fyrirkomulagi starfsmannafundar og verða þeir nú mánaðalega á ýmsum starfsstöðvum spítalans í samtalsformi. Síðasti fundur var haldinn á Kleppi. Höfum einnig hafið útgáfu Spítalapúlsins á ný.

Farið yfir mál sem hafa leitað í fréttir, m.a. E-coli faraldurinn en alls greindust 55 börn frá sama leikskóla með sýkinguna. Tólf börn enduðu á gjörgæslu og þurftu nokkur þeirra nýrnaskilun. Þetta kom ofan í mjög erfiða stöðu á spítalanum þar sem þurfti að fresta skurðaðgerðum.

Ríkisendurskoðun vinnur nú að úttekt á mönnun og flæði á spítalanum. Mjög umfangsmikil úttekt sem krefst vinnu og samstarf beggja aðila.

Upplýst um að spítalinn hafi átt fund með borgarstjóra um málefni daggæslumála.

Aðalmeðferð í máli hjúkrunarfræðings vegna ákæru um manndráp eftir að sýknudómur Héraðsdóms Reykjavíkur var ómerktur af Landsrétti í apríl rædd.

Upplýst um að samtöl hafa farið fram bæði við fjölmiðla og stjórnámálamenn vegna kosninganna framundan.

Áhersla lögð á mikilvægi þess að farið verði í greiningu á útfærslu skrifstofurýma og vinnurýmis. Þetta kosti umræðu og mikilvægt sé að starfsmenn taki þátt í því samtali.

Skýrsla um stöðu hjarta- og lungnaskurðlækninga hafi verið unnin fyrir framkvæmdastjórn og forstjóra. Einnig fjallað um stöðuna í brjóstnámsaðgerðum transkarla og flutning bráðadagdeildar lyflækninga og göngudeildar smitsjúkdóma.

Gréta Gunnarsdóttir kemur inn á fund stjórnar.

3. Skýrsla innri endurskoðanda um netöryggi

Gestur: Gréta Gunnarsdóttir, innri endurskoðandi

Innri endurskoðandi fer yfir úttekt sem unnin var á tímabilinu febrúar-apríl 2024 á netöryggi Landspítala. Markmið úttektarinnar var að staðfesta áreiðanleika netöryggis og hvernig gengur að stýra netumferð og

hvernig auðlindum er úthlutað til þessara verkefna. Úttektin byggir á NIS-löggjöf og reglugerð, þ.e. lögum nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa og mikilvægra innviða og reglugerð nr. 866/2020 um öryggi net- og upplýsingakerfa rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu. Fram undan er innleiðing tilskipunar Evrópusambandsins 2022/2555 sem gengur undir nafninu NIS-2. Gert er ráð fyrir að NIS-2 taki gildi á næsta ári.

Landspítali er á opinberri skrá yfir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu á Íslandi. Í starfsemi spítalans reiðir fólk sig á sérhæfðan tækjabúnað sem mikilvægt er að sé rekinn í öruggu og áreiðanlegu rekstrarumhverfi og að fullnægjandi viðnámsþróttur og áfallaþol gagnvart rekstraráföllum sé til staðar. Markmið og umfang úttektarinnar var að staðfesta áreiðanleika netöryggis, staðfesta ábyrga úthlutun auðlinda til málefnisins, staðfesta fullnægjandi þjálfun alls starfsfólks í netöryggi en í úttektinni var annars vegar horft til verndarráðstafana gagnvart netumferð til og frá internetinu og hins vegar hvernig netumferð er stjórnað innan nets Landspítala.

Farið yfir samantekt og niðurstöður. Engin alvarleg athugasemd en ljóst að NIS-2 mun gera strangari kröfur sem hafa áhrif.

Stjórnarmenn óska upplýsinga um hvort skýrir ferlar séu til staðar um viðbrögð við frávikum í netöryggi. Viðbragðsáætlanir liggja fyrir en ætíð matsatriði hve ítarlegar eða öruggar þær eru. Innri endurskoðandi leggur áherslu á mikilvægi fullnægjandi mönnunar þegar kemur á málaflokknum. Forstjóri áréttar að þetta hafi fengið umtalsverða umfjöllun í tengslum við fjárhagsáætlunargerðina og nú sé verið að setja nokkra styrkingu í mönnun á þróunarsviði sem farið verði nánar yfir í umfjöllun um fjárhagsáætlun næsta árs.

Gréta Gunnarsdóttir víkur af fundi.

Ásgeir Margeirsson, formaður stýrihóps um nýjan Landspítala og Finnur Árnason, formaður stjórnar nýs Landspítala koma inn á fundinn.

4. Heimsókn frá nýja Landspítalanum

Gestir: Ásgeir Margeirsson og Finnur Árnason

Formaður stýrihóps og formaður stjórnar fara yfir áfangaskiptingu verkefnis um byggingu nýs Landspítala en verkefninu er oft skipt í þrjá hluta, Hringbrautarverkefnið, annan áfanga verkefnisins og önnur verkefni. Undir önnur verkefni falla verkefni eins og viðbygging við Grensás, framkvæmdir við Sjúkrahúsið á Akureyri o.fl.

Umtalsverð umfjöllun og umræða um nýja geðþjónustubyggingu, staðsetningu hennar og vinnulag við ákvarðanatöku um staðsetningu. Niðurstaðan að geðþjónustubygging verði utan Hringbrautarlóðar, þó í innan við 5 km. fjarlægð. Rætt um ákvarðanir vegna áfanga 2, m.a. dag- og göngudeildarhúsnæði o.fl.

Farið yfir skipulag annars áfanga uppbyggingar á Hringbrautarlóð og nýtingu lóðar. Sýndar yfirlitsmyndir og teikningar af möguleikunum. Farið yfir næstu skref og tímalínur.

Farið yfir yfirlitsmynd af Hringbrautarlóðinni og rætt um stöðuna á hverri byggingu fyrir sig. Bílastæða- og tæknihús verður tekið í notkun á vormánuðum að öllum líkindum. Rætt um þyrlupall og eðli þyrlupalls, mismunandi staðsetningarmöguleika og hvernig framkvæmdin hefur verið erlendis á sambærilegum sjúkrahúsum.

Farið yfir tímaáætlun sem gefin var út í maí þar sem fram kemur að framkvæmdum ljúki árið 2028 og starfsemi hefjist 2029. Það eru tvö stór útboð fram undan sem varða innanhússfrágang og mun niðurstaðan úr þeim hafa mikil áhrif á tímaáætlanir.

Rætt um svokölluð brúarverkefni, verkefni sem varða fullnægjandi aðstöðu fram að því að spítalinn tekur til starfa í nýju húsnæði. Þrjú slík verkefni eru komin inn á borð NLSH en það fyrsta snýr að stækkun bráðamóttökunnar í Fossvogi. Það verkefni er í farvegi og hefur verið fjármagnað en samkvæmt áætlun þá á því að ljúka fyrir lok árs 2025. Brúarverkefni 2 er verkefni sem tengist viðbót við aðstöðu fyrir dag- og göngudeildarstarfsemi og er það skammt á veg komið þó að nú sé aukin áhersla lögð á það verkefni og að varpa ljósi á mögulegar tímalínur. Þriðja brúarverkefnið snýr að réttar- og öryggisgeðdeildinni á Kleppi og er niðurstaða NLSH að það eigi frekar heima undir stjórn Landspítala en hjá NLSH.

Stjórn óskar upplýsinga um hugbúnaðarmál í nýjum Landspítala við Hringbraut. Gerð var úttekt á upplýsingatæknimálum spítalans sem var kynnt síðasta haust og kom í ljós að staða mála væri góð. En búið er að greina þau verkefni sem þarf að ráðast í, alls 21 verkefni, og þau stærstu varða lyfjamál og rannsóknarhúsið. Áhersla lögð á gott samstarf við einingar spítalans varðandi nýjan Landspítala og ríka aðkomu þeirra að verkefninu.

Stjórnin leggur áherslu á að ekki verði unnið að verkefnum án samráðs við spítalann þannig að hagsmunum spítalans sé best borgið og þeirra þekking sé hluti af ákvarðanaferlinu.

Stjórn spítalans þakkar fulltrúum NLSH kærlega fyrir upplýsingarnar og samtalið.

Ásgeir og Finnur víkja af fundi.

Stjórn spítalans vill kynna sér betur stöðu samstarfs Landspítala og NLSH, sérstaklega með tilliti til ábyrgðar á innleiðingu hugbúnaðarlausna.

5. Fjármál

Framkvæmdastjóri rekstrar- og mannauðs fer yfir uppgjör janúar til október og útkomuspá frá því í október, stöðuna í þjónustutengdri fjármögnun og fjárlög og fjárhagsáætlun 2025. Bætt staða milli mánaða sem kemur fyrst og fremst til vegna kjarasamninga sem spítalinn fékk bætt. Fengum einnig varanlega fjármögnun vegna endurreisnar heilbrigðiskerfisins eftir faraldur COVID-19. Farið yfir stöðuna í þjónustutengdri fjármögnun en spáð er umframframleiðslu um 3,3% í lok árs. Útkomuspá kynnt sem byggir á septemberuppgjöri og bendir spáin til um 1% halla í lok árs. Útkomuspá leyfisskyldra lyfja kynnt.

Áætlun næsta árs kynnt miðað við fjárlagafrumvarp. Stuttlega greint frá umsögn spítalans um fjárlagafrumvarpið og leyfisskyld lyf og þau verkefni sem áréttað var að krefðust fjármögnunar og fengu ekki rædd, m.a. aukin þörf á fjármögnun fyrir þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu bæði hjá börnum og fullorðnum, NAT-skimun á blóði, viðbúnaður vegna skimana fyrir krabbameini í ristli og endaparmi, kostnaður tengdur leyfisskyldum lyfjum, aðgerðaráætlun vegna sýklalyfjaónæmis og heilraðgreiningar, brúarsamningar við SÍ og fjármögnun skrifstofu sérnáms og handleiðara.

Rekstaraáætlun næsta árs kynnt. Fyrirhuguð viðamikil styrking fjármögnunar bráðalegudeilda spítalans, hagrætt verði um 800 m.kr. og ný eða breytt verkefni fái um 1100 m.kr. Styrking bráðalegudeilda felist fyrst og fremst í fjölgun rúma og aukinni mönnun svo að hún sé í samræmi við fjölda rúma. Áhersla lögð á lækun yfirvinnu og minnkun veikinda. Farið yfir samsetningu hagræðingar og fjárveitingar til nýrra verkefna. Mest aukning til þróunarsviðs í ný verkefni, eða um 209 m.kr. sem ætlað er til að styrkja upplýsingaöryggi, stafræna framþróun og nýsköpun. Einnig verði umtalsverð aukning, eða 170. m.kr., til rekstrar- og mannauðssviðs sem nýta eigi í þágu starfsmanna með hækkun samgöngustyrks, styrkingu Velferðartorgs en einnig þurfi að styrkja vinnustund, vaktakerfi og fjármálastjórnun. Hjarta-, augn og krabbameinsþjónusta verði styrkt um tæplega 180 m.kr. sem verði varið til lengingar opnunartíma og sjúkrahúsþjónustu heima. Loks farið yfir framlög til fjárfestinga í húsnæði, tækjum og búnaði.

Atli Atlason, deildarstjóri kjaradeildar kemur inn á fund.

5.3. Staða kjarasamninga

Gestur: Atli Atlason, deildarstjóri kjaradeildar

Deildarstjóri kjaradeildar fer yfir stöðuna í kjarasamningum miðað við fjölda starfsmanna og búið er að semja við stéttarfélög 87% starfsmanna spítalans. Listi yfir þau stéttarfélög starfsmanna sem á eftir að semja við sýndur og fjöldi starfsmanna sem undir þau falla, alls um 930 starfsmenn. Stærstu félögin eru félag lífeindafræðinga, geislafræðinga, náttúrufræðinga og sálfræðinga. Nýundirritaður samningur við lækna ræddur og helstu breytingarnar sem felast í samningnum. Gert er ráð fyrir að nú verði settur saman stýrihópur á vegum ráðuneytisins sem vinni að innleiðingu.

6. Önnur mál

6.1. Vinna undirnefnda

Nefndir hafa tekið til starfa, fundaskipulag hefur verið ákveðið og vinnulag.